

333. fundur Skólanefndar FS

16. september 2015



Mættir: Guðbjörg Rut Þórisdóttir formaður, Böðvar Jónsson, Guðbjörg Kristmundsdóttir, Kristín María Birgisdóttir, Pétur Brynjarsson, áheyrnarfulltrúarnir Gunnar Valdimarsson, Sólborg Guðbrandsdóttir og María Líndal og Kristján Ásmundsson skólameistari.

Skólameistari setti fund og síðan var gengið til dagskrár.

- Dagskrá:**
1. Kosning formanns.
 2. Upphaf annar.
 3. Starfið framundan.
 4. Erindi frá Keili.
 5. Önnur mál.

1. Kosning formanns.

Formaður skólanefndar kosinn. Lagt til að Guðbjörg Rut Þórisdóttir verði formaður og Pétur Brynjarsson verði varformaður. Samþykkt samhljóða.

2. Upphaf annar.

Skólameistari sagði frá upphafi haustannar og breytingum á starfslíði. Nýir kennarar eru Einar Óskar Friðfinnsson, Ólöf Hildur Egilsdóttir og Sólveig Sveinbjörnsdóttir og þau Helga Jakobsdóttir, Marín Laufey Davíðsdóttir og Sigurbergur Elísson hófu störf sem stuðningsfulltrúar. Einar Trausti Óskarsson, Karen Arason og Lárus Þ. Pálmason verða í leyfi á önninni en Elín Rut Ólafsdóttir, Sesselja Bogadóttir og Þorbjörg Garðarsdóttir koma aftur til starfa eftir leyfi. Ólöf Bolladóttir, Eva Björg Sigurðardóttir, Ásta Katrín Gestsdóttir og Bjarni Þór Pálmason eru hætt og Arndís Harpa Einarsdóttir námsráðgjafi er hætt eftir að hafa leyst af síðasta vetur. Steinunn Tómasdóttir fjármálastjóri hefur sagt starfi sínu lausu frá og með áramótum. Nemendur eru um 1000 og rúmlega 100 grunnskólanemendur stunda nám í einstökum áföngum. Skólameistari kynnti einnig skiptingu nýnema á námsbrautir en nýnemar eru 257 sem er heldur fleira en reiknað var með. Þá sagði skólameistari frá breytingum og viðhaldi á húsnæði.

3. Starfið framundan.

Skólameistari sagði frá starfinu framundan en þar er aðaláhersla á nýja námskrá og nýtt vinnumat kennara. Á þessu skólaári á að ljúka við að skilgreina verknáms- og starfsnámsbrautir í nýrri námskrá.

Handwritten signatures and initials: B1, FB, SG, AP, K. Ásmundsson.

4. Erindi frá Keili.

Borist hefur erindi frá Keili þar sem óskað er eftir viðræðum um sameiningu stofnana og fyrirtækja sem starfa að menntun á Suðurnesjum. Hugmyndin er að stofna viðræðunefnd sem skoði kosti og galla slíkrar sameiningar. Nefndarmenn voru sammála um að stefna ætti að auknu samstarfi en erfitt væri að sjá að Fjölbrautaskólinn yrði hluti af slíkri sameiningu. Skólameistari samþykkir að bjóða upp á viðræður um aukið samstarf og samvinnu mennta- og rannsóknarstofnana á Suðurnesjum. Skólameistara falið að svara erindinu.

5. Önnur mál.

a) Sólborg sagði frá starfsemi nemendafélagsins og kynnti áætlun um starf félagsins í vetur. Fundarmenn lýstu ánægju sinni með það sem þar kom fram.

b) Skólameistari sagði frá því að ekki hafa borist svör frá ráðuneyti við erindi um tengibyggingu sem myndi rúma aukið félagsrými nemenda. Öll sveitarfélög á Suðurnesjum hafa tekið vel í erindið. Ákveðið að formaður og skólameistari óski eftir fundi með ráðherra til að ræða málið.

c) Ákveðið hefur verið að setja upp listaverk í skólahúsnæðinu en verkið er í eigu sveitarfélagsins Garðs en verður í umsjón Listasafns Reykjanesbæjar.

Fleira ekki gert og fundi slitið.



Guðbjörg Rut Þórisdóttir, formaður



Kristín María Birgisdóttir




Guðbjörg Kristmundsdóttir



Pétur Brynjarsson



Böðvar Jónsson




Gunnar Valdimarsson



Sólborg Guðbrandsdóttir



Kristján Ásmundsson



Guðmann Kristþórsson, fundarritari